

**Ed.**

## **49. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

1. tölulið 1. greinar laganna skal orða svo:  
Hafa náð 21 árs aldri á kjördegi.

2. gr.

Orðið »og« í 5. tölulið 1. greinar laganna skal falla niður.  
6. töluliður 1. greinar laganna skal falla niður.

### **Greinargerð.**

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta úr tvennu misrjetti, sem nú er í lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Í fyrsta lagi er aldurstakmarkið flutt úr 25 árum niður í 21 ár. Eru menn hjer á landi varla það ver gefnir eða ver að sjer en íbúar ýmsra nágrannalanda okkar, þar sem aldurstakmarkið er komið niður í 21 ár, ekki einungis í kosningum á sveitar- og bæjarstjórnnum, heldur og í kosningum til löggjafarþinganna.

Sá ósiður helst enn í lögum, að þeir, er sveitarstýrk þurfa að þiggja, missi kosningarrjett sinn, ef ekki er fyrirfram ákveðið af fatækrastjórninni, að styrkurinn skuli eigi vera afturkræfur. Úr þessu á frv. að bæta, að þeginn sveitarstýrkur skuli eigi svifta menn atkvæðisrjetti við kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Til glöggvunar er hjer prentuð 1. grein laganna, sú, er breyta á; hljóðar hún svo:

»1. gr. Rjett til að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa, borgarstjóra (bæjarstjóra) og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, ef þeir:

1. Eru fullra 25 ára gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnrjetti við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð, og
6. Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstýrk.

Giit kona telst fjár síns raðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum«.